



Skotíþróttaping Skotíþróttasambands Íslands 8. maí 2010.

Pingið er haldið í íþróttahúsinu, Jaðarsvöllum Akranesi.

Fundagerð Skotþings.

Pingsetning.

Halldór Axelsson, formaður STÍ, setur þingið.

Kosið í þriggja manna kjörbréfanefnd.

Tillaga er frá stjórn STÍ um:

Vignir J. Jónasson, SR
Jóhann Norðfjörð, SFS
Björn Snær Guðbrandsson, SA

- **Tillagan er samþykkt samhljóða.**

Nefndin tekur þegar til starfa.

Kosning þingforseta og þingritara.

Halldór Axelsson gerir tillögu um Axel Sölvason sem þingforseta.

- **Tillagan er samþykkt samhljóða.**

Halldór Axelsson gerir tillögu um Kjartan Friðriksson sem þingritara.

- **Tillagan er samþykkt samhljóða.**

Axel Sölvason tekur við stjórn þings og kynnir gest þingsins, Sturlaug Sturlaugsson, formann ÍA, sem tekur til máls.

Sturlaugur segir ánægjulegt að sjá Skotþing haldið á Skaganum. Hann ræðir íþróttastarfið á Akranesi og greinir frá því að eitthundrað ár eru síðan formleg íþróttastarfssemi hófs á staðnum. Hann ræðir fjölbreytt íþróttastarf Skagamanna og m.a. að 18 félag með yfir tvöþúsund iðkendur stundi ýmsar greinar íþróttar. Hann rekur fjármögnun íþróttastarfsins og að um 200 manns starfi við við íþróttapjálfun og í stjórnnum. Hann talar um að samfélagið þurfi að standa betur við bakið á íþróttastarfinu. Sturlaugur segir Skagamenn tvisvar hafa átt íþróttamenn ársins, en þeir hafi báðir komið úr sundgreinum. Hann óskar þingheimi velfarnaðar á þinginu.

Kosning starfsnefnda þings.

Tillaga stjórnar er STÍ um.

Fjárhagsnefnd:

Guðmundur Kr. Gíslason, SR

Sigurgeir Arnþórsson, ÍFL

Árni Pálsson, SK

- **Tillagan er samþykkt samhljóða**

Tillaga stjórnar er STÍ um.

Laganefnd:

Halldór Axelsson, SR

Ferdinand Hansen, SÍH

Hermann Kristjánsson, SR

- **Tillagan er samþykkt samhljóða**

Tillaga stjórnar STÍ er um:

Allsherjarnefnd:

Jón S. Ólason, SKA

Magnús Guðleifsson, SFK

Kjartan Friðriksson, SR

- **Tillagan er samþykkt samhljóða**

Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína.

Halldór Axelsson, formaður STÍ, tekur til máls.

Það er nú komin reynsla á hvernig okkur vegnar í því ástandi sem sem okkur er búið vegna efnahagsástandsins. Allur kostnaður til iðkunar á íþrótt okkar hefur aukist gífurlega og kemur verst niður á okkar besta keppnisfólki, sem notar dýran búnað og mikið magn af skotfærum, einnig gerir þetta að verkum að efnilegt skotíþróttafólk sér ekki fært að stunda æfingar í því magni sem sem er nauðsynlegt til að ná afreks-árangri. Kreppan dregur einnig úr nýliðun, þar sem að baráttan um lífsbjörgina gengur fyrir áhugamálum. Þrátt fyrir að iðkendum innan STÍ hefur fjölgað úr 2134 árið 2008 í 2357 árið 2009 þ.e. fjölgun um 223, er það að mestu vegna mikillar aukningar í Skotfélagi Reykjavíkur úr 772 iðkendum 2008 í 1008 árið 2009 fjölgun um 236 það þýðir að án þessarar fjölgunar hjá SR hefði iðkendum fækkað um 13. Það er orðið brýnt verkefni hjá STÍ að standa betur að kynningarmálum og styðja félögin í útbreyðslu á íþróttinni, þar hefur SR sýnt gott fordæmi með útgáfu bæklinga, kynningu á félaginu í tengslum við skotvopnanámskeið og vandaðri kennslu fyrir byrjendur. Við þurfum einnig að efla tengsl við fjölmiðla og kynna skotíþróttir fyrir íþróttaféttafóki, því reynslan er, að þau sýna íþrótt okkar nánast engan áhuga að fyrra bragði. Ný skotvopnalöggjöf er stödd í sömu skúffu og á síðasta skotþingi, og eftir nýjustu fréttum, er ekki á döfinni að taka löginn fyrir á næstunni.

Þáttaka í mótum á vegum STÍ var svipuð og árið 2008, en árangur var vonum framar, sérstaklega í loftskambyssu og skeet. Ríffilgreinar standa skrefinu aftur hvað varðar árangur, og er það mikilvægt verkefni fyrir sambandið og aðildarfélag að hefja Ólympískar ríffilgreinar aftur til þeirrar virðingar sem þær höfðu á árum áður.

Það er ánægjulegt að segja frá því að það eru konur sem standa upp úr í ríffilgreinum. Setti Jórunn Harðardóttir tvö Íslandsmet á árinu, 382 stig í loftríffli og 576 í 60 sk.l. Einnig setti Íris Einarsdóttir Íslandsmet unglinga í loftríffli 367 stig. Þær eru báðar í Skotfélagi Reykjavíkur.

Síðasta ár var það sterkasta frá upphafi í skeet, aldrei hafa verið skotnir jafn margir mqs árangrar 114+ og setti Sigurbór Jóhannesson Skotíþróttafélagi Hafnarfjarðar tvö glæsileg Íslandsmet, 119 stig og 142 stig með final. Þökkum við þennan árangur þeirri elju sem skotmenn í haglegræinum hafa sýnt, við að halda sínu striki þrátt fyrir erfiða tíma og að fylgja eftir því starfi sem Peeter Pakk f.v. landsliðsþjálfari lagði grunninn að fyrir allmörgum árum.

Það að skambyssugreinar skiluðu einnig besta ári frá upphafi, hvað varðar Íslandsmet segir okkur

Jórunn Harðardóttir Skotfélagi Reykjavíkur jafnaði met Kristínu Sigurðardóttur Leiftra, í loftskambyssu 372 stig og setti nýtt met með final 467,9 stig.

Síðast en ekki síst er árangur Ásgeirs Sigurgeirssonar Skotfélagi Reykjavíkur, sem verður nú að telja sterkasta skotmann sem við höfum átt. Ásgeir byrjaði árið með frábærum árangri á Intershoot í Hollandi þar sem hann vann til tveggja silfurverðlauna og ein bronverðlaun, hann vann landsmót í Svíþjóð, þar sem hann setti Íslandsmet í Frjálsri skambyssu 555 stig, varð fyrstur Íslendinga til að komast í topp 100 á heimslista með frábærum árangri á heimsbikarmóti í München 580 stig fór hæst í 59 sæti á listanum. Hann sigraði á Smáþjóðaleikum með dramatískum hætti. Og endaði síðan árið með stórglæsilegu Íslandsmeti í loftskambyssu 586 stig. Ásgeir æfir nú undir leiðsögn Ragnars Skannaker, eins þekktasta skotmanns síðustu aldar, og væntum við mikils af þeirri samvinnu.

Að lokum vil ég þakka samstarfið á liðnu tímabili og hvetja forsvarsmenn aðildarféлага til enn öflugara starfs á því næsta.

Halldór lýkur máli sínu.

Gjaldkeri leggur endurskoðaða reikninga fram til samþykkis.

Guðmundur Kr. Gíslason, gjaldkeri, tekur til máls. Hann skýrir reikningana, en gerir athugasemd við iðkendafjölda nokkura félaga. Hann óskar eftir að félagin leiðrétti skýrslurnar og hafi þær framvegis réttar, því það sé mikilvægt til framtíðar.

Guðmundur fer yfir tekjur og útgjöld sambandsins, ræðir styrki Afrekssjóðar, sem er mest vegna þátttöku Ásgeirs Sigurgeirssonar á mótum erlendis. Guðmundur ræðir starfið í aðildarfélagunum almennt og segir STÍ vera rekið réttumegin við strikið.

Guðmundur ræðir kostnað við ferðir á m.a. Smáþjóðaleika, þjálfunarkostnað, kostnað við æfingar og ferðakostnað keppenda.

Loks lýsir gjaldkerinn styrkjakerfinu og hvernig það virkar innan ÍSÍ og tekur fram að mikill kostnaður, vegna mótahalds erlendis, sé framundan hjá sambandinu.

Kjörbréfanefnd gerir grein fyrir störfum sínum.

Vignir J. Jónasson, formaður SR, tekur til máls. Hann les upp nöfn þingfulltrúa og lýsir kjörbréfin lögleg.

Þingforseti ber reikningana upp til samþykkis.

- **Reikningarnir eru samþykktir samhljóða.**

Fjárhagsáætlun lögð fram.

Guðmundur Kr. Gíslason, gjaldkeri, leggur fram fjárhagsáætlun sambandsins. Hann skýrir hana í stuttu máli og greinir frá væntanlegu happdrætti STÍ, sem er ætlað til tekjuöflunar.

Fjárhagsáætlun stjórnar 2010

GJÖLD:	<u>Krónur</u>
Þjálfun, kennsla, námskeið	600.000
Skrifstofukostnaður	2.700.000
Þátttaka í erlendum mótum	3.700.000
Útgáfa kynningarefnis	300.000
Annað ófyrirséð	200.000
	7.500.000
TEKJUR:	
Lottó	1.300.000
Útbreiðslustyrkur	1.200.000
Ríkisstyrkur skrifstofu	2.400.000
Ýmsar tekjur	2.600.000
	7.500.000
TEKJUAFGANGUR	0

Lagabreytingar

Halldór Axelsson, formaður STÍ, tekur til máls. Hann skýrir tillögu sína um bikar- og íslandsmeistarátitla. Hann leggur til að í stað uppsafnaðs árangurs yfir tímabilið, skuli Íslandsmót vera sjálfstæðar keppnir eins og tíðkast erlendis. Hann greinir einnig frá mikilli óánægju með núverandi fyrirkomulag.

Tillaga að breytingu um Bikar- og Íslandsmót STÍ.

Lagt er til að reglum sem breytt var á skotþingi 2008 verði aftur breytt til fyrra horfs þ.e. eftirfarandi. Einnig verði stjórn STÍ falið að yfirfara þessar reglur og koma með breytingatillögum fyrir Skotþing 2011 ef þurfa þykir.

Bikarmeistaramót
1. gr.

STÍ gengst árlega fyrir punktamótum í samráði við skotíþróttafélög. Keppt er í flokkum karla og kvenna.

Öll landsmót á keppnistímabili fyrir Bikarmeistaramót telja til Bikarmeistara.

2. gr.

Í byrjun hvers keppnistímabils eru allir keppendur með 0 punkta. Stig reiknast þannig að sá sem hlýtur 1. sæti í móti fær 15 stig, annar 14 stig, þriðji 13 stig o.s.frv..

3. gr.

Þrjú bestu landsmót hjá hverjum keppanda að viðbættu Íslandsmeistaramóti eru reiknuð saman til Bikarmeistara. Séu tveir keppendur jafnir

að stigum, ræður árangur á Bikarmeistaramóti.

Keppendur verða að hafa lokið þremur mótum fyrir bikarmeistaramót til að geta keppt um titilinn.

Þingforseti leitar heimildar þingheims til að leggja tillöguna fram til afgreiðslu þar sem hún barst ekki fyrir tilsettan skilafrest til stjórnar.

- **Heimildin er samþykkt samhljóða.**
- **Tillögunni er vísað til Alsherjarnefndar sem þingskjali # 7.**

Steinar Einarsson er flutningsmaður tillögu þeirra Arnfinns Jónssonar, formanns SFK, Hannesar Haraldssonar, þingfulltrúa og hans sjálfs, sem er gestur á þinginu.

Hann leggur fram tillögu um að greinin Practical (IPSC), sem á íslensku er nefnd Þrauta-skotfimi, verði tekin inn í STÍ. Steinar les tillöguna upp:

Tillaga til Skotþings Skotíþróttasambands Ísland 8 maí 2010.

Stjórn Skotfélags Kópavogs óskar eftir því að Þrautaskotfimi (Practical (IPSC)) verði tekin inn í STÍ sem keppnisgrein.

Samskonar tillaga var lögð fram á Skotþingi árin 1999, 2000 og 2002 en fékkst þá ekki samþykkt.

Nú er svo komið að talsvert magn af 9mm skammbyssum hefur verið flutt inn í landið í nafni íþróttaskotfimi en fyrir þessar byssur er í raun engin skotgrein. Það er því tímabært að STÍ samþykki þessa grein svo hægt verði að stunda hana með eðlilegum hætti og um leið fá þá sem eiga þessar byssur til að nota þær.

Ef Þrautaskotfimi er skráð sem keppnisgrein þá er líka hægt að gera kröfur til þeirra sem eiga 9mm byssur og sækja um þær í framtíðinni.

Í dag eru 84 lönd í heiminum, sem stunda þessa skotfimi og þar af eru 39 í Evrópu, þar með talin öll Norðurlöndin, Bretland, Þýskaland og Benelux löndin.

Öll hafa þessi lönd strangar reglur og þurfa allir að vera meðlimir skotfélaga og ganga í gegnum þjálfum og próf til að fá að taka þátt í keppni.

Meðfylgjandi er listi yfir þau lönd sem eru meðlimir í IPSC.

Einnig eru meðf. Stjórnarskrá (Constitution) IPSC, útprentun af heimasíðum IPSC í Svíþjóð, Noregi, Danmörku, Finnlandi og Bretlandi.

Þrautaskotfimi hefur verið stunduð á Íslandi í fjölda ára eða stuttu eftir að Skotfélag Kópavogs var stofnað. Æfingar og keppnir voru stundaðar árum saman en hafa legið niðri um tíma þar sem margir áhugamenn áttu ekki réttu byssurnar en nú er svo komið að fjölmargir hafa eignast byssur sem nota má í þessa grein og því tímabært að hefja æfingar á ný.

Lög sem notuð verða eru lög IPSC. Þau eru á ensku en með tíð og tíma má þýða þau yfir á Íslensku. STÍ þarf auk þess að ganga í IPSC til þess að hægt verði að senda keppendur til keppni erlendis.

Kostnaður við það var USD 600- á ári fyrir nokkrum árum og má reikna með að hann hafi hækkað eitthvað.

IPSC gerir sjálft kröfur um kunnáttu og færni þeirra sem æfa þessa grein auk þess sem þeir gera strangar kröfur til manna um örugga meðhöndlun á byssum.

Skotfélag Kópavogs leggur til að farið verði eftir ströngustu kröfum og reglur frá hinum Norðurlöndunum verði höfð til hliðsjónar.

Nú þegar er til skyggnur í Powerpoint sem notaðar hafa verið til kennslu í Skotfélagi Kópavogs.

Árið 1998 fóru nokkrir keppendur á Eyjaleika á Jersey og kepptu þar í ýmsum greinum þar á meðal Þrautaskotfimi.

Það er von Skotfélags Kópavogs að STÍ samþykki þessa grein svo hægt verði að sækja um leyfi fyrir henni hjá Ríkislögreglustjóra og þar með koma henni inn í reglugerð.

Virðingarfyllst

f.h. Skotfélags Kópavogs

Arnfinnur Jónsson Formaður

Steinar Einarsson Flutningsmaður tillögu

Hannes Haraldsson Þingfulltrúi

Þingforseti leitar heimildar þingheims til að leggja tillöguna fram til afgreiðslu þar sem hún barst ekki fyrir tilsettan skilafrest til stjórnar.

- **Heimildin er samþykkt samhljóða**
- **Tillögunni er vísað til Alsherjarnefndar sem þingskjali # 8.**

Guðmundur Kr. Gíslason er flutningsmaður tillögu stjórnar STÍ um að inngöngu í F.I.T.A.S.C. – haglabyssusamtökin.

Tillaga frá stjórn STÍ til Skotþings um inngöngu í F.I.T.A.S.C. haglabyssusamtökin

Greinargerð:

Lagt er til að stjórn STÍ sé falið að ganga frá inngöngu sambandsins í alþjóðlegu FITASC samtökin og að sækja um viðurkenningu þeirra keppnisgreina sem undir það falla til ríkislögreglustjóra. Þau halda utan um og halda stórmót í haglabyssugreinum sem ekki falla undir ISSF einsog Compak Sporting, Sporting, Helice, Universal Trench og Combined Game Shooting.

Árið 2010 eru árgjöldin í samtökunum 525 Evrur og svo 262 Evrur fyrir hverja grein sem við tækjum þátt í. Flest sérsamböndin á norðurlöndunum eru meðlimir í þessum samtökum og teljum við að það verði okkur til framdráttar að taka þátt í þeim.

Sporting er að byrja að festa sig í sessi hérlendis og eins er uppsetning á Compak Sporting mjög spennandi kostur fyrir þau félög sem þegar hafa yfir að ráða skeet velli, því inni hann má sníða þá grein.

- **Tillögunni er vísað til Alsherjarnefndar sem þingskjali # 4**

Guðmundur Kr. Gíslason er flutningsmaður tillögu stjórnar STÍ um viðurkenningu á FELT-skotfimi.

Tillaga frá stjórn STÍ til Skotþings um viðurkenningu á FELT-skotfimi.

Greinargerð:

Lagt er til að stjórn sé falið að útbúa reglur um FELT-skotfimi samkvæmt reglum Norska Skotíþróttasambandsins. Um er að ræða skotfimi með skammbyssum af ýmsum stærðum. Skotmörkin eru í staðlaðri stærð og eru gerðar sem hlutfall af skotvegalegdum. Einnig yrði stjórn STÍ falið að sækja um viðurkenningu þeirra keppnisgreina sem undir þetta falla til ríkislögreglustjóra.

Sem dæmi má nefna að skotmörkin eru hringlaga, þríhyrnd eða áttköntuð í það minnsta 2 cm á hæð og breidd fyrir hvern metra í vegalengd (sem þýðir að á t.d. 20 metra færi væri skotmarkið af stærðinni 40 x 40 cm á kant.)

Það gerir öllum félögum sem hafa yfir að ráða skotbrautum kleyft að setja upp asötöðu til iðkunar greinarinnar.

Leyfilegt er að keppa með óbreyttum verksmiðjuframleiddum byssum eins og Glock 17, Berettu 92, CZ75 osfrv.

Fyrst um sinn yrði farið eftir reglunum frá "Norges Skytterforbund" útgáfu frá 1.mai 2009.

- **Tillögunni er vísað til Alsherjarnefndar sem þingskjali # 5**

Guðmundur Kr. Gíslason er flutningsmaður tillögu stjórnar STÍ um viðurkenningu á Silúettu-skotfimi (Silhouette)

Tillaga frá stjórn STÍ til Skotþings um viðurkenningu á SILÚETTU-skotfimi.

Greinargerð:

Lagt er til að stjórn STÍ sé veitt heimild til að viðurkenna og taka upp Silúettuskotfimi með skammbyssum og rifflum. Ennfremur verði könnuð innganga í alþjóðasamtökin IHMSA og IMSSU.

Einnig yrði stjórn STÍ falið að sækja um viðurkenningu þeirra keppnisgreina sem undir þetta falla til ríkislögreglustjóra.

Um er að ræða skotfimi á skuggamyndir samkvæmt reglum nokkurra alþjóðlegra samtaka. Greinin er afar vinsæl víðast í heiminum og stunduð jafnt með skammbyssum sem og rifflum.

Hérlendis hefur greinin verið stunduð undanfarna áratugi hjá Skotfélagi Reykjavíkur utanhúss og hin síðari ár hafa fleiri félög tekið hana upp einsog t.d. Skotfélag Kópavogs innanhúss.

STÍ verði falið að samræma reglur og setja viðmið til notkunar hérlendis svo samræmi verði milli héraða í uppsetningu landsmóta í þeim greinum sem um er að ræða.

- **Tillögunni er vísað til Alsherjarnefndar sem þingskjali # 6**

Þingforseti kynnir Friðrik Einarsson, tengilið STÍ í framkvæmdastjórn ÍSÍ.

Friðrik tekur til máls, færir þingheimi kveðjur ÍSÍ og framkvæmdastjórnar. Hann þakkar góða skýrslu stjórnar og segir mikinn vöxt í STÍ og öflugur ársreikningur sambandsins beri greinilega vott um mikinn vöxt og metnað. Hann ræðir kynningastarfið í íþróttahreifingunni og að það þurfi að efla. Hann segir að greinilegt sé að árangur Ásgeirs Sigurgeirssonar vekir athygli og ekki hvað síst viðtalið við hann í RUV á dögnum. Friðrik segir að Afrekssjóður viti af Ásgeiri og stefnan sé að ÍSÍ sendi einn skotmann á ÓL 2012, og það þurfi að leita leiða til að styrkja það markmið. Friðrik segir að ef Skotsambandið þurfi aðstoð, skuli það leita til sín, þar sem hann er tengiliður STÍ inn í ÍSÍ.

Friðrik Einarsson veitir Ferdinand Hansen silfurmerki ÍSÍ fyrir vel unnin störf í þágu skotíþróttarinnar og ÍSÍ.

Friðrik Einarsson veitir Steinari Einarssyni gullmerki ÍSÍ fyrir vel unnin störf í þágu skotíþróttarinnar og ÍSÍ.

Þinghlé.

Nefndarálit.

Jón S. Ólason gerir grein fyrir störfum Alsherjarnefndar.

Hann tekur fyrst fyrir þingskjal # 7.

Nefndin segir rök með og á móti henni og tekur fram að íslandsmeistaratitill þurfi að hafa mikið vægi. Nefndin tekur ekki ákveðna afstöðu til tillögunnar, en tekur fram að kanski þurfi að láta reyna lengur á nýju reglurnar áður en þeim sé skipt út.

Guðmundur Kr. Gíslason rekur ástæður fyrir núverandi fyrirkomulagi og ástæðum fyrir breytingunum á sínum tíma. Guðmundur lýsir yfir stuðningi við tillögu Halldórs Axelssonar á þingskjali # 7.

Þingforseti ber tillögu á þingskjali # 7 upp til samþykkis.

- **Tillagan er samþykkt með miklum meirihluta atkvæða, tveir eru á móti.**

Steinar Einarsson tekur til máls og gerir grein fyrir tillögunni á þingskjali # 8. Hann rekur í stuttu málið hvernig þessi íþrótt hefur breyst á síðustu árum og hér sé ekki um stjálfsvarnar- eða hernaðariþrótt.

Jóhannes Norðfjörð tekur til máls og segir frá móti í Brussel þar sem 16 ára strákur hafi sigrað og 23 ára stelpa einnig. Hann segir að allrar skotíþróttir eigi að vera undir sama hatti og mælir með að tillagan verði samþykkt.

Þingforseti ber tillögu á þingskjali # 8 upp til samþykkis.

- **Tillagan er samþykkt samhljóða.**

Jón S. Ólason tekur til máls fyrir hönd Alsherjarnefndar. Hann greinir frá því að nefndin leggi til við þingheim að tillögur á þingskjölum # 4, # 5 og # 6 verði samþykktar eins og þær eru lagðar fyrir.

Þingforseti ber tillögu á þingskjal # 4 upp til samþykkis.

- **Tillagan er samþykkt samhljóða.**

Þingforseti ber tillögu á þingskjal # 5 upp til samþykkis.

- **Tillagan er samþykkt samhljóða.**

Þingforseti ber tillögu á þingskjal # 6 upp til samþykkis.

- **Tillagan er samþykkt samhljóða.**

Ákvörðun á keppnisgjaldi og félagsskiptagjaldi til STÍ.

Guðmundur Kr. Gíslason greinir frá tillögu stjórnar STÍ um óbreytt gjöld frá því í fyrra, m.a. að það sé í samræmi við ástandið í þjóðfélaginu.

Tillaga um keppnis- og félagaskiptagjald STÍ.

Tillaga liggur fyrir frá stjórn STÍ um óbreytt gjöld frá fyrra ári og eins að unglingar séu undanþegnir keppnisgjaldi, og eru aðildarfélögin einnig hvött til að fella niður keppnisgjöld unglinga.

Tillaga er því um:

Keppnisgjald kr. 1,000 fyrir hvern keppanda á STÍ móti
Félagaskiptagjald kr. 3,000

- **Tillagan er samþykkt samhljóða.**

Kosningar í stjórn STÍ.

Þar sem aðeins hafi komið tilkynningar um framboð til stjórnar, innan löglegs framboðsfrests, um þau sæti sem laus voru í stjórn, eru þeir aðilar sjálfkjörir.

Aðalstjórn:

Halldór Axelsson, SR, sem formaður til 1 árs

Jórunn Harðardóttir, SR, í varastjórn til 2ja ára

Jón S. Ólason, SKA, í aðalstjórn til 2ja ára

Guðmund Kr. Gíslason, SR, í aðalstjórn til 2ja ára

Áfram sitja:

Kjartan Friðriksson, SR, situr áfram í aðalstjórn

Jóhann Norðfjörð, SFS, situr áfram í aðalstjórn

Sigurgeir Arnþórsson, ÍFL, situr áfram í varastjórn

Kosning skoðunarmanna reikninga.

Tillaga stjórnar er um:

Skoðunarmenn reikninga:

Sigfús Tryggvi Blumenstein, SR

Jónas Hafsteinsson, ÍFL

Varamenn:

Hermann Kristjánsson, SR

Hannes Haraldsson, SFK

- **Tillagan er samþykkt samhljóða.**

Kosning í mótanefnd STÍ.

Tillaga stjórnar er um:

Mótanefnd:

Guðmundur Kr Gíslason, SR

Jóhann Norðfjörð, SFS

Kári Grétarsson, SÍH

Varamenn:

Finnur Steingrímsson, SA

Stefán E. Jónsson, SFK

Bergþór Pálsson, MAV

- **Tillagan er samþykkt samhljóða.**

Kosning í Dómaranefnd.

Dómaranefnd:

Ívar Erlendsson, SÍH
Steinar Einarsson, SFK
Guðmundur Kr. Gíslason, SR

Varamenn:

Halldór Axelsson, SR
Áki H. Garðarsson, SA
Ingibjörg Ásgeirsdóttir, ÍFL

- **Tillagan er samþykkt samhljóða.**

Kosning í Aganefnd

Aganefnd:

Jón S. Ólason, SKA
Kjartan Friðriksson, SR
Halldór Axelsson, SR

Varamenn:

Einar Guðmann, ÍSA
Guðmundur H. Brynjarsson, SA
Jóhann Norðfjörð, SFS

- **Tillagan er samþykkt samhljóða.**

Kosning í Ritnefnd

Ritnefnd:

Guðmundur Kr. Gíslason, SR
Örn Valdimarsson, SR
Kjartan Friðriksson, SR

Varamenn:

Bragi Þór Jónsson, SR
Halldór Axelsson, SR
Einar Guðmann, ÍSA

- **Tillagan er samþykkt samhljóða.**

Kosning fulltrúa á ÍSí þing.

Lagt er til að stjórn verði falið að velja fulltrúa á þing ÍSí.

- **Tillagan er samþykkt samhljóða.**

Önnur mál.

Ferdinand Hansen tekur til máls, þakkar heiðursveitingu honum til handa, og hann ræðir unglिंगastarfið og að það þurfi að skilgreina betur ástundun unglिंगa og árangur þeirra í mótum.

Halldór Axelsson tekur til máls og gerir grein fyrir skilgreiningu á keppnum fyrir unglिंगa og þeirra árangri. Hann segir m.a. að unglिंगur geti ekki tekið þátt í fullorðinskeppni og skipt aftur yfir í unglिंगakeppni. Þetta þurfi að skýra betur til aðildarfélagana til að kom í veg fyrir misskilning.

Steinar Einarsson tekur til máls, þakkar heiðursveitinguna á þinginu. Hann ræðir upphafið á áhuga hans á skotgreinum og hvernig þetta áhugamál hafi vaxið með árunum og enn sé brennandi áhugi fyrir hendi á sportinu og fari bara vaxandi.

Jón S. Ólason tekur til máls og segir þetta þing tímamótþing og að STÍ sé gerbreytt samband eftir samþykktir nýrra greina inn í það. Hann segir sambandið ekki lengur bara ISSF-samband, nú eru fleiri greinar annara sambanda stundaðar innan STÍ og sambandið sé nú regnhlífasmötök fyrir skotíþróttir í landinu.

Guðmundur Kr. Gíslason, tekur undir með Ferdinand Hansen um unglिंगamálin. Hann ræðir fyrirkomulagið á keppnum unglिंगa og að það sé reynt að halda fullorðins- og unglिंगakeppnum aðgreindum jafnvel þó svo aðeins einn keppandi sé í unglिंगaflokk. Guðmundur segir þetta í raun sama málið og með öldungaflokkinn, honum þurfi að halda aðgreindum frá öðrum flokkum. Guðmundur óskar Ferdinand og Steinari til hamingju með heiðursveitingarnar á þinginu.

Halldór Axelsson fer nánar í útskýringar á unglिंगakeppnum og ítrekar að keppendur geti ekki keppt í unglिंगaflokk og skipt fyrirvaralaust yfir í fullorðinsflokk. Sá sem einu sinni keppti í fullorðinsflokk geti ekki snúið til baka í unglिंगaflokk fyrirvaralaust. Þetta ferli tekur allt að tveimur árum erlendis. Sama á við um öldungaflokk.

Halldór Axelsson tekur til máls að nýju og afhendir Axel Sölvasoni, þingforseta, tvo leikhúsmiða að gjöf frá stjórn STÍ sem þakklætisvott fyrir störf hans á þinginu.

Þingslit.

Þingforseti, Axel Sölvason, tekur til máls. Hann þakkar Jóni S. Ólasyni fyrir að minna á að þingið sé tímamótþing. Hann þakkar fyrir sérstakt þing sem mun verða getið um, þegar fram líða stundir í annálum. Axel þakkar leikhúsmiðana og segir alltaf gaman að fara í leikhús.

Að lokum þakkar Axel þróðmannlega framkomu á þinginu, þakkar ritara fyrir störf hans á þinginu og óskar STÍ velfarnaðar í framtíðinni.

Þingforseti slítur þingi.

Þingritari, Kjartan Friðriksson.

Þingforseti, Axel Sólvason.